

Forréttindafræðsla

Kynning, æfingar, pælingar

Auður Magnús Auðardóttir

Aðalnámsskrá

Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

- Almennur hluti bls. 20.

Í dag

1. Kynning á forréttindum. Forréttindalistar – myndband – grein
2. Möguleg varnarviðbrögð
3. Hvernig öxlum við ábyrgð?
4. Verkefni – miðaðæfing – ruslakörfuæfing – umræður um stétt



Að horfast í augu við
forréttindi sín

Lirfan og snigillinn



Auðveldasta stilling í leiknum lífið



Forréttindalistarnir

Peggy McIntosh: [White privilege: Unpacking the invisible Knapsack](#)

„Mér var kennt að horfa á rasisma sem eitthvað sem vondir einstaklingar gerðu – ekki sem ósýnilegt kerfi sem gæfi mínum þjóðfélagshópi völd”

I think whites are carefully taught not to recognize white privilege, as males are taught not to recognize male privilege. So I have begun in an untutored way to ask what it is like to have white privilege. I have come to see white privilege as an invisible package of unearned assets that I can count on cashing in each day, but about which I was "meant" to remain oblivious. White privilege is like an invisible weightless knapsack of special provisions, maps, passports, codebooks, visas, clothes, tools , and blank checks.

Lesið listana og ræðið

Hvaða atriði komu ykkur á óvart?

Hvernig birtast forréttindin á ykkur vinnustað?

Er eitthvað sem ykkur finnst vanta?

Möguleg
varnarviðbrögð

En ég er ekki rasisti!

Og ekki karlremba!

Og mitt líf hefur ekki verið dans á rósum!

*Ég þekki konu sem er á miklu hærri launum en ég
og hefur það miklu betra*

Það að hafa forréttindi á tilteknu sviði í lífinu (t.d. af því að maður er karl) segir ekki að líf þitt sé endilega auðveldara heldur en líf allra sem ekki hafa þau.

Kona getur haft tvöfalt hærri tekjur en þú, átt stórt hús og jeppa og verður kannski aldrei lasin meðan karl getur verið í láglounastarfi, leigir íbúð og er illa haldinn af gigt.

Konan í þessu dæmi mun samt aldrei verið með forréttindi karla í samfélaginu. Hún getur verið með allskonar önnur forréttindi en hún losnar aldrei undan því að vera kona í samfélaginu og upplifa það misrétti sem því fylgir. Á sama hátt mun karlinn í dæminu alltaf upplifa forréttindi karla t.d. þegar kemur að kynferðisofbeldi.

<http://www.bustle.com/articles/67904-how-to-explain-white-privilege-exists-7-common-arguments-debunked>

En ég er ekki hómófóbísk!

Þó þú sért ekki að skrifa nastý comment við allar fréttir um hinsegin fólk þá þýðir það ekki að þú njótir ekki góðs af því að vera gagnkynhneigð og cis-kynja.

Hversu vel meinandi sem þú ert þá mun þitt jákvæða viðhorf til hinseginfólks ekki geta þurrkað út alla gagnkynhneigðar- og ciskynjarembu á Íslandi í dag.

Á meðan þessi remba er enn til staðar í menningunni okkar þá munt þú njóta góðs af því í samanburði við hinsegin fólk.

*En ég spurði einu sinni fatlaðan vin minn hvort það væri
ableismi á Íslandi. Hann bara hló og neynti ekki að
ræða það.*

Reynsla fólks sem ekki hefur ákveðin forréttindi er ólík eftir því hvernig líf þeirra er að öðru leyti. Sumir finna mjög mikið fyrir misréttinu, aðrir minna.

Sumum finnst óþægilegt að tala um það, kannski vegna þess að þeir eru vanir að gert sé lítið úr upplifun þeirra (var þetta nú nokkuð ableismi....?).

Sumir eru óvanir að tala um svo viðkvæmt málefni og vilja helst ekki gera það. Það geta verið milljón ástæður fyrir því að vinur þinn hlæi, verði pirraður eða svari ekki þegar þú vilt ræða um forréttindi og misrétti.

Það þýðir ekki að þú sért núna búinn að gera þitt besta í að fræða þig. Þú átt annan vin, GOOGLE, sem er alltaf til í að svara spurningum þínum um: Privilege, rasism, sexism, ableism, cissexism, heterosexism....


*Hey, við erum öll í sama liði, mér finnst mjög óþægilegt
að þú sért að kalla mig rasista!*

Það að ræða forréttindi þín sem hvítrar manneskju er ekki það sama og að kalla þig rasista. Það að þú hefur forréttindi sem hvít manneskja þýðir samt sem áður að þú ert að græða á því að samfélagið er rasískt. Þess vegna er líklegra að þú fáir vinnu og þess vegna dregur fólk allskonar jákvæðar ályktanir um íslensku kunnáttu þína bara út frá húðlitnum þínum. Þess vegna þarft þú ekki að óttast að fólk haldi að þú sért glæpamaður, latur eða ofbeldisfullur þegar það mætir þér úti á götu.

Að axla ábyrgð

Forréttindameðvitund í daglegu lífi

Bandamaður (ally) er manneskja sem tilheyrir ekki tilteknum jaðarsettum hópi en tekur á virkan hátt afstöðu með hópnum. Til dæmis hvít manneskja sem vinnur á móti rasisma eða gagnkynhneigð manneskja sem vinnur á móti gagnkynhneigðarhyggju og hómófóbíu.



<http://www.umkc.edu/lgbt/docs/becoming-an-ally.pdf>

Helltu þér út í þann eiflíðarlærdóm sem það að vera bandamaður krefst. Lestu þér til, opnaðu augun og eyrun fyrir upplifun þeirra sem ekki hafa forréttindi þín.

Ekki verða bandamaður með það að markmiði að hjálpa eða redda málunum. Það að vera bandamaður snýst ekki um vorkunn eða miskunnsemi heldur virðingu, hlustun og auðmýkt fyrir sérfræðipekkingu þeirra sem eru ekki í þínum sporum.



Persónuleg ábyrgð karla á misrétti felst fyrst og fremst í því að taka ábyrga afstöðu þegar það á við í eigin lífi, t.d. með hegðun á vinnustað, en ekki að taka á sig skömmina af öllu sem er vont í samskiptum kynja í samfélaginu. Ábyrgðin er pólitíski eðlis og sé hún tekin of persónulega gætu viðbrögðin einkennst af sektarkennd og afneitun [...] Persónulega ábyrgðin felst í því að beita sér fyrir því að leikreglurnar geri körlum og konum jafnhátt undir höfði og að farið sé eftir þeim. [...] Á þeim vettvangi hvílir á okkur körlum langmesta ábyrgðin; það er ekki réttlætanlegt að við tökum þátt í að viðhalda kerfi sem bitnar á einhverjum

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson – karlmennska og jafnréttisuppeldi

Hvernig virkar svona bandalag?

Leggðu þig fram við að læra um hvernig forréttindi þín hafa skapað þér tækifæri í lífinu.

Virtu sérþekkingu og reynslu þeirra sem tilheyra jaðarsettum hópum.

Taktu opinberlega afstöðu með fólki sem tilheyrir jaðarsettum hópum samfélagsins og leggðu þig fram við að mæta þörfum þeirra.

- Hvað þýðir þetta fyrir ykkur sem kennara?
- Hvernig birtist forréttindameðvitund í kennarastarfinu?
- Með hvaða hætti væri hægt að virkja nemendur í að axla sína ábyrgð?

Verkefni og æfingar

Kortlagning forréttinda

- | | |
|--|--|
| 1. Húðlitur | Erum við sem hópur með forréttindi? |
| 2. Móðurmál | Af hverju hefur valist fólk í þennan hóp sem almennt er/er ekki með forréttindi? |
| 3. Fötlun/skerðing | Hvernig hefur það áhrif á störf okkar? |
| 4. Kynhneigð | Hvernig hefur það áhrif á það hvernig við kennum um jafnréttismál? |
| 5. Kynvitund | Eru nemendur okkar almennt með forréttindi? |
| 6. Tekjur heimilis í æsku (undir meðallagi, í meðallagi, yfir meðallagi) | Hvaða áhrif hefur það á námsumhverfið? |
| 7. Kyn | |

Flower power verkefni



Hvað með stéttarvinkilinn?



Ruslakörfuæfingin

Gæti hún virkað sem inngangur?

